

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps  
mánudaginn 5. október 2009 kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Mariutröð 5 A, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Eiríkur Kristjánsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn setti fund og bauð menn velkomna.

### Dagskrá:

1. **0905040** Bréf dags. 25. september s.l. frá Framfarafélagi Flateyjar með ósk um leyfi til að hefja framkvæmdir við smábátahöfn í Innstapolli við Hólsbúðarvog í Flatey. Nefndin samþykkir umsóknina fyrir sitt leiti með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi stofnana. Byggingafulltrúa falið að vinna í málinu.
2. **0909011** Umsókn dags. 5. september s.l. frá Sverri Jóhannessyni um lóð fyrir gróðurhús á Reykhólum. Nefndin tekur jákvætt í erindið. Nokkrar hentugar lóðir koma til greina. Umsækjanda bent á að kynna sér aðstæður og sækja um ákveðna lóð.
3. **0910001** Umsókn dags. 5. október 2009 frá Minjavernd um atvinnulóð vegna bætttrar aðstöðu fyrir Hótel Flatey. Nefndin sér sér ekki fært að úthluta lóð á tilteknu svæði þar til deiliskipulag liggur fyrir.

### Önnur mál.

1. **0910005** Bréf dags. 21. september s.l. frá Ingibjörgu Sæmundsdóttur með umsókn um leyfi til að smíða sólpall við Hellisbraut 32 á Reykhólum. Erindið samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:40.

Sveinn Ragnarsson (sign)  
Egill Sigurgeirsson (sign)  
Eiríkur Kristjánsson (sign)  
Óskar Steingrímsson (sign)